

David Hume. Maðurinn og fræði hans

David Hume hefur um margt sérstöðu meðal heimspekinga og í heimspekisögunni. Hann var einn fárra heimspekinga, sem ekki var fæddur með silfurskeið í munni. Honum var mikið í mun að efnast – og tókst það. DH lagði ofuráherslu á reynsluna sem grundvöll að þekkingu á eðli manna og högum. Því vísaði hann á bug svonefndri frumspeki, en engin leið væri til að sýna fram á sannleiksgildi hennar með skírskotun til reynslunnar. Líta bæri á frumspeki sem eins konar ævintýri heimspekinganna. Guð og trúarbrögð taldi hann á sama hátt og hinn forngríska heimspekingur, Epikuros, vera heilaspuna mannanna og rugla þá í ríminu til skilnings á veröldinni og sjálfum sér. Allar götur síðan í fornöld, allt frá dögum Sókratesar sjálfs, höfðu heimspekingar lagt áherslu á beitingu skynseminnar til að halda í skefjum tilfinningum, ástríður og hvötum; skynsemin eða rökvisin var tíðum talin æðst sálargáfna. DH benti hins vegar á, að í ástríðum og tilfinningum væri skynsemi að finna. Slíkt ætti meira að segja við um dýr. DH dró sterklega í efa hugmyndir manna um orsök og afleiðingu. Slíkar hugmyndir endurspegluðu engan veginn veruleikann sem slíkan. Lögmál í þessa veru væru í raun réttir hugsmíðar mannanna grundvallaðar á reynslu. DH var eins og ýjað var að hér að framan, guðleysingi. Heimspekingurinn, Þorsteinn Gylfason, segir frá skemmtilegu atviki, því tengdu:

„Þannig er frá því sagt að Hume hafi einhverju sinni á gönguför misst fótanna og tekið að sökkva í mýri þá sem á hans dögum var í hjarta Edínborgar. Hann var þungur og stíður og gat enga björg sér veitt. Fisksölukona heyrði hróp hans, en hikaði við að rétta guðsafneitaranum hjálparhönd þótt Hume minnti hana á það úr dýkinu að kristnum manni beri að elska óvini sínum. Hún féllst á að draga hann á þurrt með því skilyrði að hann færi með faðirvorið og trúarjátninguna. Það gerði hann og sagði æ síðan að hann hefði aldrei átt orðastað við skeleggari guðfræðing en þessa góðu konu.“ (David Hume: Samræður um trúarbrögðin. Eftirmáli Þorsteins Gylfasonar. HÍB, Rvk. 2002, s. 211.)

DH trúði því eins og svo margir heimspekingar og fræðimenn fyrr og síðar, að hann hefði gert tímamótauppgötvanir í vísindum og heimspeki. En hann fékk ekki þær undirtektir, sem hann vonaðist eftir. Vonbrigðin tóku sinn toll:

„Á Hume sótti á þessum árum (1726-1729) sjúkleg bölsýni, og átti hann oft mjög erfitt með að einbeita sér að námi og hugsun. Leitaði hann til læknis, sem réð honum að drekka hálfpott af rauðvíni á dag og stunda útreiðar. Hann hélt þeirri venju til æviloka að fara í gönguferðir dag hvern.“ (Páll Árdal. Inngangur að Samræðum um trúarbrögðin eftir David Hume, HÍB, Rvk. 2002, s. 8).

DH tókst að vinna bug á bölsýninni eða þunglyndinu. En ei má sköpum renna. Síðustu æviárin var hann haldinn illvígum sjúkdómi, sem hann barðist við af æðruleysi. Hann segir:

„Auk þess tel ég að þegar sextíu og fimm ára gamall maður deyr þá hefði hann hvort eð er ekki átt annað eftir en fáein veikindaár. Og þó ég sjái þess víða merki að hróður minn sem rithöfundur sé nú loksins að aukast og stjarna mín fari hækkandi, þá veit ég að ég gæti aðeins notið hans í fáein ár. Það er tæpast hægt að láta sér líf sitt meir í léttu rúmi liggja en ég geri.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Inngangur eftir Atla Harðarson Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 44-45.)

Um heimspeki:

Það er svipað farið með David Hume og Írann, George Berkeley. Báðir töldu efnivið heimspekinnar ætti að sækja í daglega reynslu fólks. Heimspekingar margir hverjir væru komnir á brautir, sem væru háleitar um of og gerðu að verkum, að fólk flæst ætti í erfiðleikum með að skilja þá. Hann segir:

„Þeim sem aðeins leggur stund á heimspeki er yfirleitt fálega tekið. Enda er hann ekki talinn leggja neitt af mörkum sem orðið geti samfélaginu til gagns eða gleði, þar sem hann heldur sig fjarri öllum samskiptum við annað fólk, flæktur í rök og hugsmíðar sem enginn skilur.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 68.)

„Heimspekingar, sem látast búa yfir visku umfram aðra menn, eru ekki öfundsverðir þegar þeir hitta fyrir spurula viðmælendur sem hrekja þá horn úr horni og reka þá vísast í einhverjar hættulegar ógöngur áður en yfir lýkur.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 96.)

„Enda stjórnast heimspekingar af því sama og alþýðan þegar þeir taka þátt í venjulegu mannlífi.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 188.)

Það er svo, að „heimspekilegar úrlausnir [byggja] ekki á öðru en venjulegri hugsun – af því tagi sem menn styðjast við dags daglega – sem hefur verið öguð og tamin við rétt vinnubrögð.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 264.)

Um daga DH voru vísindi yfirleitt og að mestu leyti flokkuð til vísinda. Það átti til að mynda við um stærðfræði og eðlisfræði, sem var í mikilli sókn. Það var sannfæring DH, að eiginleg þekking væri sótt í reynslu. Stæðist hún ekki próf reynslunnar, væri hún lítils virði. Hann segir:

„Mér virðist að hin einu viðfangsefni sértækra vísinda eða sannana séu magn og tölur, og allar tilraunir til að öðlast þessa fullkomnari gerð þekkingar á fleiri sviðum séu hártoganir og blekkingar og ekkert annað.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 265.)

„Allar aðrar rannsóknir manna snúast aðeins um staðreyndir og tilvist, og um þau efni er bersýnilega ekkert hægt að sanna.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 266.)

Allt frá tímum hinna grísku spekinga höfðu menn leitast við að finna aðferð rökhugsunar til að komast að nýrri þekkingu. Sú þekktasta er líklega rökhenduaðferð (syllogism) Aristótelesar (sjá: logic, syllogisms.) En að dómi DH þurfti að greina á milli þekkingar eða fræðilegara fullyrðinga, sem annars vegar væru grundvallaðar á beinni reynslu og hins vegar þeim, sem einungis væru fram bornar af einhvers konar rökfimi eða rökleiðslu á skírskotunar til reynslunnar. Um þetta segir Páll Árdal:

Staðhæfingum „ má skipta í tvo flokka, í rökþæfingar og raunþæfingar, og þess má nú geta að þennan greinarmun [...] má rekja til Humes, þótt hann hafi haft önnur orð um hann en nú eru tíðkanleg.

Raunhæfingar eru þær staðhæfingar sem eitthvað segja um veruleikann og eru staðfestar af reynslunni ef þær eru sannar.

Rökhæfingar segja aftur á móti ekkert um veruleikann, og þær eru sannar ef tákinn sem staðhæfingu mynda eru notuð á réttan hátt.“ (Páll Árdal. Siðferði og mannlegt eðli. Hið íslenska bókmenntafélag. Rvk 1982, s. 90.)

Annar mætur, íslenskur heimspekingur og þýðandi verka DH, Atli Harðarson, greinir svo frá heimspeki hans:

„Heimspeki Humes er einkum spunnin úr þrem þáttum: raunhyggju, efahyggju og veraldarhyggju.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Inngangur eftir Atla Harðarson Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s.12.)

„[Í] raun telur hann þekkingu ferns konar: 1a. þekking á sjálfljósum venslum hugmynda.1b. Þekking á venslum hugmynda sem ekki eru sjálfljós, heldur sönnuð eða leidd út.2a. Þekking af staðreyndum sem maður hefur reynslu af, það er skynjar eða man eftir að hafa skynjað.2b. Þekking á staðreyndum sem maður hefur ekki reynslu af, heldur ályktar um að öðrum staðreyndum. (Sama rit, s.19.)

Eins og fyrr greinir var það á tímum DH (og jafnvel enn í dag) að vísindamenn hefðu uppgötvað eðlislög um hina ytri veröldu, þ.e. fundið orsakir afleiðinga. Slík hugsun, þ.e. af hið auðsýnda eða athugaða, viðfangsefni vísindamanns, ætti sér einhlíta orsök. En DH hugsaði öðruvísi:

„Hann taldi orsakatengsl algerlega huglæg og leit því svo á að það væri viðfangsefni mannvísinda, eða þeirrar greinar mannvísinda sem nú kallast sálarfræði, að gera grein fyrir þeim. Þar sem Hume hugði öll reynsluvísindi snúast um orsakatengsl, þá taldi hann að með því að sýna fram á að sálarfræði sín sé ein fræða fær um að gera grein fyrir þessum tengslum, væri sýnt fram á að hún sé drottning allra reynsluvísinda.“ (Fyrrgreint rit, s. 23.)

Viðleitni mann til að skýra veröldina, þar með talin vísindin, eru nauðsynleg til að skapa manninum stöðugleika: „Það virðist ljóst að breyttist allt sem fyrir ber í náttúrunni í sífellu – þannig að engum tveim fyrirbærum svipaði hið minnsta saman, heldur væri sérhvert fyrirbæri alger nýlunda er líktist ekki neinu sem fyrr hefði sést – þá hefðum vér aldrei fengið neina einustu hugmynd um nauðsyn eða tengsl milli fyrirbæra.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni.Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 160.)

Um Guð og frumspeki (God, metaphysics):

Allt frá tímum hinna forngrísku spekinga var sú hugsun nærgöngul og raunar samofin allri speki, að heimurinn væri skapaður af einhvers konar guði eða guðum. DH er trúlega fyrsti heimspekingur sögunnar, sem nær að hrista af sér þessa hugmynd. Hann segir kerskilega:

„Samkvæmt þessum heimspekingum er því guð allt í öllu. Þeir gera sig ekki ánægða með þá forsendu að ekkert sé til nema guð vilji og að hlutirnir þiggi allt afl sitt frá honum, heldur sneyða þeir náttúruna og hvern skapaðan hlut öllu afli til þess að vald drottins yfir þeim verði beinna og greinilegra.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni.Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 144.)

Franski nýaldarheimspekingurinn, René Decartes, er einn margra af tilgreindu sauðahúsi. Hann sá m.a. fyrir sér, að Guð „fjarstýrði“ öllum hreyfingum hluta og dauðlegra vera. DH hefur þetta í skimpingum:

„Það vitnar um meiri visku að skapa fyrst þá miklu smíð sem veröldin er og gera það svo af fullkominni fyrirhyggju að hún geti síðan af sjálfri sér þjónað tilgangi forsjónarinnar, heldur en að þurfa að raða hlutum hennar saman á hverju augnabliki og blása sífellt hreyfingu í hvert hjól þess tröllaukna vélavirkis.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 145.)

„Hversu sterk rök sem færð eru fyrir þessari kenningu [þ.e. frumspekilegum vangaveltum um sköpun heimsins] þá hlýtur að vakna áleitun grunur ef ekki fullkomin víska um að komið sé út fyrir þau takmörk sem gáfum vorum eru sett, þegar niðurstöðurnar eru svo undarlegar og fjarri lífi voru og hverdagslegri reynslu. Löngu áður en rök þessarar kenningar eru til lykta leidd hafa þau leitt oss inn í töfraheim ævintýrisins og í þeim heimi höfum vér enga ástæðu til þess að reiða oss á venjulegar rökleiðsluaðferðir...“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 160.)

Þeir „kristinnar trúar sem reyna að verja hana með rökum mannlegrar skynsemi. Grundvöllur vorrar heilögu trúar er átrúnaður en ekki skynsemi; (Sama rit, s. 221.)

„Ekki eru fleiri heimspekilegar rökfærslur helgaðar neinu öðru efni en því að sanna tilvist guðs og hrekja villur guðleysingja.“ (Sama rit, s. 246.)

Frumspeki gaf DH einkunnina; þrætugjarnasta vísindagreina.

Um trú og trúarbrögð (natural belief, religion):

DH virðist hafa sótt innblástur til forngríska spekingins, Epikúrosar: „Hann sýndi fram á, að vonin, óttinn og kvíðboði manna fyrir hlutskipti sínu þessa heims og annars hefði komið inn hjá þeim trúnni á æðri verur, en svo hefði reynsla þeirra og þekking búið trú þessa þeim búningi, er þeim þótti sanni næst á sérhverju þroskastigi.“ (Ágúst Bjarnason. Saga mannsandans 5, Rvk. 1954, s. 308.)

„Ástæðan til þess, að Hume er andvígur kenningum kristindómsins, er einungis sú sannfæring hans, að sú trú sé ekki réttlæt看leg með rökum“ (David Hume: Samræður um trúarbrögðin. Inngangur Páls Árdal. Híb, Rvk. 2002, s.14.)

„Í ritgerð sinni um sögu trúarbragða (The Natural History of Religion) kemst Hume að þeirri niðurstöðu, að fjölgyðistrú sé mannum bæði eðlilegri og sé einnig líklegri til að hafa góð áhrif á siðferði hans en eingyðistrú. Ástæðan til hins síðarnefnda er, að eingyðistrú er oft bæði ofstækisfyllri en fjölgyðistrú og einnig fylgir henni tilhneiging til að skapa kerfisbundna guðfræði. Að dómi Humes byggist sú guðfræði ætíð á trúaratriðum, sem ekki er fótur fyrir í reynslu okkar.“ (Sama rit, s. 31-32.)

Hume „taldi, að öll þekking okkar á raunveruleikanum byggðist á trú, en ekki á sönnunum eins og í stærðfræði. Menntu eru þannig úr garði gerðir, að þeir hljóta að leita orsaka allra fyrirbæra, þótt þeir geti ekki sannað algildi orsakalögmálsins.“ (Sama rit, s. 32.)

„Öll þekking okkar á heiminum byggist þannig á trú, sem Hume kallar náttúrulega trú (natural belief). Allt öðru máli gegnir um guðstrú.“ (David Hume: Samræður um trúarbrögðin. Inngangur Páls Árdal. Híb, Rvk. 2002, s. 34.)

„Hann taldi ókleift að sanna tilvist hlutanna í kringum okkur, en sem betur færi þyrftum við ekki á neinni slíkri sönnun að halda. Þótt heimspekingur telji sig efast um tilvist hlutanna í einveru á skrifstofu sinni, þá getur hann ekki í raun annað en treyst réttmæti þess, sem menn telja sig læra um hlutina með aðstoð skynfæranna.“ (Sama rit, s. 33.)

„Hume er sá eini af hinni miklu þrenningu brezkra raunhyggjumanna, sem finnur ekkert hlutverk, sem ætla megi Guði. John Locke (1632 – 1704) og George Berkeley (1685 – 1753) taldi heiminn eiga sér eilífa tilvist í huga Guðs.“ 38

Efahyggja (scepticism):

DH var oftsinnis brigslað um efahyggju, þ.e. er allt mætti draga í efa og ekkert væri í raun óyggjandi. Segja má, að hann hafi verið hófsemdar efahyggjumaður. Hér eru hans eigin orð:

„En um leið og efahyggjan hættir sér út og lendir í návígi við raunverulega fyrirbæri sem kveikja ástríður vorar og hræra við tilfinningunum, þá rís allt það máttugasta í manneðlinu gegn henni og blæs efanum burtu sem reyk, svo hinn ákafasti efahyggjumaður verður rétt eins og fólk er flest.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 259-260.)

„Það er raunar til hófstiltari efahyggja, eða akademísk heimspeki, sem bæði getur gert gagn og haft varanleg áhrif... (Sama rit, s. 262.)

En efahyggjan getur átt erfitt uppdráttar vegna þess að í viðhorfum fólks býr lækningin við tilvistaróttanum: „Þorri fólks hefur náttúrulega tilhneigingu til að vera fullvist í sinni sök og standa fast á skoðun sínum. ... Þurfi þeir að hika og vega málin og meta, á fipar það skilningsgáfu þeirra og tefur þá við verk sín. Þeir eru því ekki í rónni fyrir en þeir losna við allar þessar amasömu vöflur og reyna því að ganga sem allra lengst í kokhraustri vissu og halda í skoðanir sínar af sem mestri þrákelni.“ (Sama rit, s. 262.)

„Þeir bókláusu gætu hugleitt viðhorf hinna lærðu sem eru þrátt fyrir yfirburðamenntun og meiri íhugun oftast efins um ágæti eigin úrlausna.

Og hneigist einhverjir hinna lærðu til hroka og þvergirðingskapar vegna náttúrulegs lundernis síns, þá getur smá skammtur af pyrrhónsfræðum lækkað í þeim rostann með því að sýna þeim að þetta litla sem þeir hafa umfram aðra menn, er hreinasta óvera hjá allri þeirri allsherjarflækju og óreiðu sem er samofin manneðlinu.“ (Sama rit, s. 263.) (Pyrrhon var forngrískur efahyggjumaður.)

„Rétt dómgreind [...] víkur sér undan því að rýna í fjarskann og fljúga hátt, en heldur sig við venjulegt mannlíf og viðfangsefni sem sótt eru í hverdagslega iðju og reynslu.“ (Sama rit, s. 264.)

Um lögmál (law, determinism):

Það er að dómi DH nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að binda hugsun um veröldina í lögmál. Með orðum Páls Árdal:

„Hume var löghyggjumaður. En hann reynir að sýna fram á að viljaverk geti átt sér orsakir, án þess að við hljótum að daga af því þá ályktun að menn séu á valdi óviðráðanlegra afla.

Hann neitar því ekki að menn hafi frjálstan vilja, heldur hinu að frelsi viljans sé fólgið í orsakaleysi. ... [E]f verk manna væru orsakalaus væri óréttlæt看legt að telja þá ábyrga gerða sinna, [...]. (Páll Árdal. Siðferði og mannlegt eðli. Hið íslenska bókmenntafélag. Rvík 1982, s. 45-46.)

Reynslan er grundvöllur hugsana okkar um lögmál: DK staðhæfir „að það sé aðeins reynsla okkar af orsök og afleiðingu sem geri okkur kleift að segja fyrir um afleiðingar atburða í heiminum.“ (Sama rit, s. 46.)

„En þótt Hume hafi neitað því að við getum reitt okkur á lögbundið samband orsaka og afleiðinga, taldi hann enga ástæðu til að ætla að orsakalausir atburðir gerðust í náttúrunni.“ (Sama rit, s. 47.)

Sjálfum farast DK orð: „Það virðist því nær ómögulegt að fást við nokkur fræði eða verk af neinu tagi, án þess að fallast á nauðhyggju og gera ráð fyrir því að álykta megi um sjálfráðar gerðir manna af hvötum þeirra og um breytni þeirra af lunderni.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 167.)

„Vér getum engan veginn meint að verk fólks séu í svo litlum tengslum við hvatir þess, langanir og kringumstæður að ekki sé viss regluleg samsvörun þar í millum eða ekki sé hægt að álykta um annað af hinu; enda gengi slík meining þvert á augljósar staðreyndir. „Nauðsyn felst annaðhvort í því að tvö fyrirbæri fara alltaf saman eða í því að skilningsgáfan álykti um eitt fyrirbæri af öðrum.“ (Sama rit, s. 175.)

Um samfélag (society, social pact, social contract):

Á nýöld fjölluðu heimspekingar á ný um hugðarefni hinna forngrísku spekinga um samfélagið eða borgríkið. Platon hafði sett fram hugmyndir um fyrirmyndarríkið í fornöld, breski guðfræðingurinn, Thomas Moore, á síðmiðöldum og ítalski heimspekingurinn, Tommaso Campanella, í byrjun nýaldar. Áhrifamestir voru trúlega breski heimspekingurinn, Thomas Hobbes, og franskirithöfundurinn og heimspekingurinn, Jean-Jacque Roussou. DH lagði hér einnig orð í belg. Hann taldi næsta augljóst að í samfélagi væru menn háðir hverjum öðrum. Páll Árdal endurómar skoðanir DK:

„Uppruni samfélagsins getur ekki verið sá að menn hafi komið auga á nytsemi þess að lifa saman og skipta með sér verkum og eignum, heldur verða menn að búa í samfélagi til að koma auga á þessa nytsemi.

Uppruni samfélagsins má rekja til þess að kynhvötin laðar fólk saman og afkvæmi fæðast sem eru ósjálfbjarga fyrstu ár ævinnar, og foreldrar hafa eðlislæga tilhneigingu til að verja afkvæmi sín. Af þessu sökum telur Hume að menn hafi alla tíð lifað í einhvers konar samfélögum“

„Menn njóta ýmissa gæða, veraldlegra og andlegra. Veraldleg gæði eru þess eðlis að ef ekki er yfrið nóg af öllu sem við girnumst, þá er trúlegt að gæðin sem við njótum séu á kostnað annarra manna. Þetta skapar samkeppni sem er líkleg til að leiða til sundrungar og illinda. Menn sjá fljótlega að það er öllum í hag að komast að samkomulagi um hvaða veraldargæði skuli hlotnast hverjum einstaklingi í þjóðfélaginu.“ (Páll Árdal. Siðferði og mannlegt eðli. Hið íslenska bókmenntafélag. Rvík 1982, s.74.)

„En hvernig öðlast menn eignarrétt? Hume áleit að það gerðist með gagnkvæmu þegjandi samkomulagi.“ (Sama rit, s.75.)

„Hume telur réttlæti einvörðungu reist á notagildi. En er það ekki æskilegra í sjálfu sér, án tillits til notagildis, að veraldargæðum sé skipt sem jafnast á milli manna? Þess hugmynd telur Hume óraunsæja. Menn eru svo misjöfnum hæfileikum búnir að jöfn skipting eigna gæti aldrei orðið varanleg.“ (Sama rit, s. 76-77.)

„Hume telur að mönnum verði snemma ljóst í samvistum við aðra menn að samvinna er nauðsynleg og öllum til góðs.“ (Sama rit, s. 82-83.)

Um tilfinningar, ástríður og siðferði (feeling, passion, morality, ethics, moral philosophy):

Um gervalla sögu heimspekinnar höfðu heimspekingar litið tilfinningar eða kenndir hornauga. Þær spilltu yfirleitt góðum siðum og skynsemi. En DH fór aðra leið. Hann telur kenndirnar að því er virðist og náttúrfræðingur eða sálfræðingur í anda þróunarfræðanna. Páll Árdal skilur DK með eftirfarandi hætti:

„Ýmsar tilfinningar eiga sér efnislega eða líkamlega orsök; þannig veldur hnífurinn sársaukanum þegar ég sker mig í fingur. ... [A]ðrar tilfinningar, kenndir eða ástríður sem eiga rætur sínar að rekja til vitundarlífsins [“impressions og reflexion“] [eru] “afleiddar tilfinningar.“ ... [og] eiga sér upptök í vitundarlífi mannsins [sem] sótt er í ... reynslu.“ (Páll Árdal. Siðferði og mannlegt eðli. Hið íslenska bókmenntafélag. Rvík 1982, s. 56.)

„[Á]st (love), hatur (hate), stolt (pride) og blygðun (humility) [eru] frumkenndir. [...]“ Hins vegar „hneigðir eða langanir sem stefna að ákveðnu takmarki [...] hafa [...] viðfang, því þær hafa ákveðna stefnu eða leitni eða viðfangsefni sem þær beinast að.“ (Sama rit, s. 57.)

„Frumkenndirnar fjórar eru í rauninni þær tilfinningar sem við berum í brjósti þegar við bregðumst vel eða illa við eiginleikum manna. Í þessu tilfinningum er fólgið mat.“ (Sama rit, s. 58.)

„Öllum frumkenndunum, ást, hatri, stolti og blygðun, er það sameiginlegt að þær eru vilhallar eða hlutdrægar.“ (Sama rit, s. 59.)

„Öll ást og hatur manna beinist að einstaklingum, og því nákomnara sem fólk er okkur, þeim mun sterkari eru að jafnaði ástin og hatrið sem það vekur í brjóstum okkar. Hume telur að samhygð valdi því að afdrif allra annarra manna, fyrr og síðar, geti haft áhrif á tilfinningalíf okkar.“ (Sama rit, s.63.)

„“Sympathy“ eða „samhygð“ er orð sem Hume hefur um það fyrirbæri að tilfinningar manna flytjist frá einum til annars. Samhygð er af þessum sökum alls annars eðlis en samúð eða meðaumkun.“ (Sama rit, s. 63.)

„Hume telur að við getum aldrei haft beina reynslu af tilfinningum annarra manna. Við skynjum einungis ytra útlit annarra og breytni þeirra.“ (Sama rit, s.63- 64.)

„Mælikvarði góðs og ills býr í tilfinningum hvers og eins okkar er við höfum lært að líta á eiginleika annarra frá hlutlausu sjónarmiði. Óvinirnir sem vinna verður bug á eru þekkingarskortur og hlutdrægni.“ (Sama rit, s. 102.)

Siðfræðingar hafa einkum tekist á um, hvort siðgæði væru menn í blóð borin eða hvort þau væru sótt í eigin ástríður, reynslu og reynslu kynslóðanna. Í fyrra tilvikinu telja menn siðskilninginn annaðhvort kominn frá guði eða búa í huganum, áður en reynslu er aflað. Páll Árdal skýrir sem fyrr skoðanir DK á greinargóðan hátt:

„Þar sem Hume taldi enga ástæðu til að gera ráð fyrir tilveru guðs, gat hann að sjálfsögðu ekki fallizt á, að siðgæði fælist í því að hlýða lögmálum hans.“ (David Hume: Samræður um trúarbrögðin. Inngangur Páls Árdal. HÍB, Rvk. 2002, s.34.)

„Hvers vegna skyldu menn hafa haldið að sannleikurinn væri æðstur verðmæta og að öll röng breytni sé ósönn. Ástæðan var einkum sú, ef að líkum lætur, að veröldin var talin verk Guðs sem ekki var einungis almáttugur og alvitur, heldur einnig algóður. Veröldin hlýtur því að vera góð í innsta eðli sínu.“ (Páll Árdal. Siðferði og mannlegt eðli. Hið íslenska bókmenntafélag. Rvk 1982, s. 44.)

„Hume telur [...] að fásinna sé að telja siðgæði vera sannleik og löst lygi. Einnig telur hann, að gildi hluta og athafna sé ekki uppgötvað í heiminum, heldur eigi siðadómar rætur sínar í mannlegum ástríðum og tilfinningum.“ (Sama rit, s.36.)

„Í bókinni Um ástríðurnar (Of the Passions) [...] ritar Hume langt mál um stolt, hógværð, ást og hat. Allar þessar ástríður mannsins, sem Hume nefnir óbeinar ástríður, eru hlutdrægar. [Hann] telur, að rekja megi allt siðrænt mat á mönnum til þessara ástríðna.“ (David Hume: Samræður um trúarbrögðin. Inngangur Páls Árdal. HÍB, Rvk. 2002, s.)36

[Orsakir siðadóma skýrast] „að miklu leyti á samúð. Með orðinu „samúð“ á hann við hæfileikann til þess að hryggjast eða gleðjast við tilhugsunina um hamingju eða þjáningar annarra.“

„Siðgæðisvera þarf því að vera tveimur kostum búin: hæfileikanum til samúðar og þeirri, vizku, sem leiðir til hlutlauss mats á staðreyndum.

[Þ]ótt veröldin hafi ekki gildi í sjálfri sér, þá getum við gefið fullnægjandi skýringu á því, hvers vegna við metum hluti á mismunandi veg, og er sú skýring sálfræðilegs og félagslegs eðlis.“

„...að það sem við köllum „viljastyrk“ sé ekkert annað en sá eiginleiki manns að láta yfirleitt stjórnast af rólegum tilfinningum þegar þær takast á við ofsafengnar fýsnir og ástríður.“ (Sama rit, s.38.)

Ofangreindar vangaveltur eiga í dag heima í sálfræðinni. Þannig má segja, að siðfræði DH sé reist á sálfræðilegum skýringum. Páll Árdal tekur í svipaðan streng:

„Raunar er mín skoðun sú að siðfræði Humes sé reist á sálarfræði hans, kenning hans um siðfræði reist á kenningunni um tilfinningalífið.“ (Páll Árdal. Siðferði og mannlegt eðli. Hið íslenska bókmenntafélag. Rvík 1982, s. 23.)

Það sama á við um siðferðilögmál sem önnur lögmál um hátterni manna, þau mótast í samskiptum mannanna. DH útskýrir:

„Þar sem öll lög grundvallast á umbun og refsingu þá er forsenda þeirra sú að þetta tvennt hafi regluleg og óbreytileg áhrif á hugann og valdi góðri breytni en hindri illvirki. ... [Þ]ar sem þau eru venjulega samfara breytninni þá hljóta þau að teljast orsök hennar, og vér hljótum að líta á þau sem dæmi um þá nauðsyn sem vér viljum sýna fram á að sé til staðar.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 176.)

„Mönnum er ekki álasað fyrir það sem gera sakir vanþekkingar eða slysnis, og gildir þá einu hverjar afleiðingarnar eru.“ (Sama rit, s. 177.)

„[M]aður verður þá aðeins sekur af illverkum sínum að þau staðfesti að í hug hans búi saknæmar hneigðir.“ (Sama rit, s. 178.)

„Mannshugurinn er svo gerður af náttúrunnar hendi að þegar fyrir honum verða vissar gerðir lundernis, hneigða eða breytni, þá finnur hann þegar hvöt hjá sér til þess að lofa þær eða lasta. Engar kenndir eru rótgrónari í eðlisgerð hans en þessar.“ (Sama rit, s. 182.)

[Það eru] ástæður til þess að ætla að siðferðileg viðhorf kvikni beint eða óbeint af umhugsun um téð gagn og ógagn.“ (Sama rit, s. 182.)

Um dyggð, ágæti, mannkosti og réttlæti (virtue, excellence):

Fátt er ritað meira um í siðfræðinni en dyggðir, ágæti eða mannkosti. Styðjumst enn sem áður við texta Páls Árdal:

„Hume skiptir kostum og göllum á mönnum í fjóra flokka. Fyrst ber að nefna þá eiginleika sem veita þeim sem hafa þá beina ánægju.“ (Páll Árdal. Siðferði og mannlegt eðli. Hið íslenska bókmenntafélag. Rvík 1982, s. 68.)

„Í öðru lagi eru þeir eiginleikar kostir sem eru öðrum mönnum til beinnar ánægju eða skemmtunar.“

„Í þriðja lagi eru sumir eiginleikar manna kostir vegna þess að þeir eru nytsamlegir þeim sem hefur þá. Hyggindi og almenn skynsemi tilheyra þessum flokki kosta.“

„Í fjórða og síðasta lagi ber að telja þá eiginleika manns sem eru öðrum mönnum nytsamlegir. Hér má nefna til dæmis góðvild, áreiðanleika, sannsögli og skírlífi.“ (Sama rit, s. 69.)

„Mat okkar á öllum mannkostum og göllum fer þannig fram, að þegar við hyggjum að eiginleikum fólks frá algjörlega hlutlausu sjónarmiði þá vaknar með okkur rólega eða hægláta tilfinningin, ástin eða hatrið, sem matið er fólgið í. Og dyggðir eru allir þeir mannkostir sem lof og last, refsingar og verðlaun geta haft áhrif á, og hafa líka að minnsta kosti einn af þeim

fjórur eiginleikum sem ég taldi upp í upphafi þessa kafla. Dyggðir veita manni sjálfum eða öðrum mönnum beina ánægju, eða þær eru nytsamlegar manni sjálfum eða öðrum mönnum.“

„Hume gerir greinarmun á tvenns konar dyggðum. Hann telur sumar dyggðir vera eðlisdyggðir og aðrar gervidyggðir.“ (Sama rit, s.70.) „[E]ru gervidyggðir nokkurs konar uppfinningar eða mannasetningar.“ (Sama rit, s. 71.)

„Öllum eðlisdyggðum er það sameiginlegt að hin dyggðuga breytni sprettur af eðlishvöt. Aftur á móti hegðuðu menn sér ekki í samræmi við gervidyggðir án skyldurækni, en hún er áunnin hneigð.“

„Af öllum eðlisdyggðum er góðvildin mikilvægust, þar sem ýmsar aðrar dyggðir, svo sem hugrekki, hafa lítið gildi án góðvildar.“ (Sama rit, s. 71.)

„Gervidyggðir eru að ýmsu leyti ólíkar eðlisdyggðum. Það er ekki hægt að skilja gervidyggðir sem mannlega eðlishneigð einsog góðvild og hyggindi eru, en hyggindi spretta að nokkru leyti af þeirri eðlishneigð manna að reyna að auka velmegun og velgengni sína. Sem fyrr er sagt fer því fjarri að gervidyggðir séu ómerkilegri dyggðir en eðlisdyggðir. Það er einungis erfitt að skilja hvers vegna menn tóku að hegða sér í samræmi við gervidyggðir og hvers vegna sú hegðun þeirra er talin dyggðug.

Hume telur þessar dyggðir vera gervidyggðir: réttlæti eða virðingu fyrir eignarrétti, orðheldni, löghlýðni og skírlífi.“ (Sama rit, s.72.)

„...Hume taldi einungis réttlætlanlegt að rjúfa loforð við mjög sérstakar aðstæður, vegna þess að gervidyggðin orðheldni sé höfuðdyggð í hverju þjóðfélagi.“ (Sama rit, s.104.)

„Uppruna loforða bera að rekja til sjálfseksu manna sem þarfnast gagnkvæmrar aðstoðar, aðeins ekki alltaf á sama tíma.“ (Sama rit, s. 83.)

Frelsi (liberty, free will, freedom):

„Á dögum Hume var það almenn skoðun að guð almáttugur hefði gefið mannum frjálsan vilja, gætt hann sjálfræði um gerðir sínar og þar með ábyrgð á þessum gerðum. Samkvæmt þessari skoðun má rekja allt siðleysi og alla synd til þess að menn misnota þessa dásamlegu Guðs gjöf.“ (Páll Árdal. Siðferði og mannlegt eðli. Hið íslenska bókmenntafélag. Rvík 1982, s. 45.)

Með frelsi getum vér því ekki átt við neitt annað en afl til þess að gera eitthvað, eða láta það ógert, eftir því hvort viljinn býður, -...“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 173.)

„...- er frelsið líka ófrávíkjanlegt skilyrði siðferðis; án frelss getur mannleg breytni hvorki haft neinar siðlegar eigindir né gefið tilefni til lofs eða lasts; því þar sem vér höfum aðeins siðferðileg viðhorf til verka að svo miklu leyti sem þau vitna um það lunderni, ástríður og hvatir sem að baki búa, þá er útilokað að vér lofum þau eða löstum séu þau ekki unnin vegna þessara innri orsaka, heldur alfarið knúin fram af utanaðkomandi ofbeldi.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 178.)

Hugur, þekking, skynjun og reynsla (cognition, mind, soul, knowledge, learning, perception, sensation, experience, impression, reflection, sensation):

David Hume staðhæfir, að þekking grundvallist á reynslu, sem á uppruna sinn í skynjun (skyntúlkun - perception). Hann greinir á milli frumskynjunar (impression) og hugmyndar (idea). Hugmyndir eru bæði einfaldar og samsettar með upptök í minni (memory) og ímyndunarafli (imagination). Skynjanir (frumskynjanir) skiptast í innri (reflection) og ytri (sensation). Hugmyndir eru eins konar eftirmyndir frumskynjana og greinast eftir styrkleika og fjöri. Sem slíkar eru þær í veruleikanum afmarkaðar, sjálfstæðar og ótengdar innbyrðis. Tenging millum þeirra verður einungis í huganum. Um hugmyndatengsl (í huganum) gilda þrjú meginlögmál: (1) hugmyndir bera keim af hver annarri eða ekki, (2) eiga sér stað í tíma og rúmi, (3) virðast tengjast sem orsök og afleiðing. Þessi hugsun DH er kölluð hugtengslastefna (associationism).

Eins og fyrr er dregið á leit DH skynsemina eða rökhæfnina og gildi hennar heldur öðrum augum en títt var meðal heimspekinga. Hann skoðaði starfsemi hugans (cognition) og skilningarvitanna (perception) í ljósi þróunar tegundanna.

Í þessu ljósi var sýnt að ályktunarhæfni eða rökhæfni var ekki sérstök hæfni manna. DH þótti sýnt „að dýr álykta um staðreyndir sem eru utan þess sem blasir beint við skilningarvitum þeirra, og þessar ályktanir byggjast alfarið á fyrri reynslu.“

Jafnframt er „útilokað að þessar ályktanir dýranna séu reistar á rökum.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s.187.)

„En þótt dýrin læri ýmislegt af reynslu er mikið af þekkingu þeirra fengið beint úr hendi náttúrunnar. [Þessa reynslu] nefnum vér „eðlishvatir“ og hneigjumst til að mikla fyrir oss og telja hin mestu undraþing sem mannleg skilningsgáfa getur aldrei gert grein fyrir.

„[H]æfileikinn til þess að álykta af reynslu – sem er sameiginlegur mönnum og dýrum og allt líf vort byggist á – er ekkert annað en ein gerð eðlishvatar eða vélgennt afl sem er að verki í oss án þess vér vitum af því. Og verkan þessa afls stjórnast ekki af neinum slíkum tengslum eða samanburði hugmynda sem eru hið rétta viðfang vitsmuna vorra.“ (Sama rit, s. 190.)

„Ekkert er frjálsara en ímyndunarafl mannskepnunnar. Þótt það hafi ekki úr öðru að móða en þeim hugmyndum sem ytri og innri skynjun láta í té [...].“ (Sama rit, s. 115.)

„Reglurnar um tengsl hugmynda höfum vér einfaldað í þrjár frumreglur. Þær eru að hugmyndir tengist með því að þær líkist, liggi saman, eða milli þeirra séu orsakatengsl [sem] eru hið eina sem bindur hugmyndir saman og veldur reglufestunni sem að meira eða minna leyti er á hugsun og máli allra manna.“ (Sama rit, s.119.)

„Það er [...] eins konar fyrirfram ákveðið samræmi milli framvindunnar í náttúrunni og hugmyndanna sem fara í röð um hug vorn [...]. Vaninn er frumrök þessarar samsvörunar sem er svo nauðsynleg lífi mannskepnunnar og gerir oss kleift að bregðast við öllum kringumstæðum og viðburðum mannlífsins.“ (Sama rit, s. 124.)

Þannig ber að líta á hæfileikann til rökhugsunar eða skilningsgáfunnar sem reynslu kynslóðanna um aldir alda. Hún er hvorki sérstök fyrir manninn sem tegund né tilkomin frá Guði eða einhverju öðru dularfullu afli.

„[Þ]essi starfsemi hugans sem gerir oss kleift að álykta um líkar afleiðingar af líkum orsökum, og öfugt, er svo nauðsynleg líf allra manna, að hinni seinvirku skynsemi vorri með sínar skeikulu rökfærslur er tæpast treystandi fyrir henni. Skynseminnar gætir líka lítt fyrstu bernskuár vor og þegar best gegnir er henni alla æfi hætt við að skjöplast og mistakast. Það samrýmist betur háttbundinni visku náttúrunnar að tryggja svo nauðsynlega hugarstarfsemi með því að fela hana einhverri eðlishvöt eða vélgengri hneigð sem er óskeikul, kemur fram um leið og líf vort og hugsun kvikna og getur verkað óháð þungsóttum rökleiðslum skilningsgáfunnar.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 125.)

„Skynsemin er – enda á hún að vera – ambátt mannglegrar ástríðu, og hún getur gengt því hlutverki einu að þjóna henni og hlýða.“ (David Hume: Samræður um trúarbrögðin. Inngangur Páls Árdal. Híb, Rvk. 2002, s. 13-14.)

Ei heldur er skynsamlegt að hugsa sér skynsemi eða hluta hennar sem aðskilda frá ástríðum og hvötum. Þeim mun síður er rök hugsunin óbrigðul eða í henni fólgin alvissa.

„Ég hef reynt að benda á að rök Humes gegn skynsemistrú eru rök gegn þeirri skoðun að óbrigðul skynsemi hafi sjálfstætt hreyfiafl.“

„Það sem Hume segir um vanmátt skynseminnar reisir hann á því að skynsemin sé óbrigðul. Hann reynir að sýna fram á að rökhyggjumyndin af baráttu óbrigðullar skynsemi og brigðulla tilfinninga um vilja mannsins sé alröng.“ (Páll Árdal. Siðferði og mannlegt eðli. Hið íslenska bókmenntafélag. Rvik 1982, s. 37.)

„Hume telur að vitneskjan ein um hvað okkur sjálfum sé endalega í hag, eða hvað þjóni hagsmunum manna almennt, sé algjörlega vanmáttug eins og allar aðrar niðurstöður skynseminnar.“ (Páll Árdal. Siðferði og mannlegt eðli. Hið íslenska bókmenntafélag. Rvik 1982, s. 38.)

Vangaveltur DH um áhrifamátt skynseminnar ættu að hafa fengið hljómgrunn á okkar tímum. Ljóst mætti vera, að fólk virðist í heljargreipum ástríðnanna. Vitneskja og skynsemi ráða sjaldan för. En engu að síður er reynslan uppspretta þekkingar, jafnvel þótt hún virðist víkja fyrir ástríðunum.

„Það er fullvíst að jafnvel fáfróðustu og heimskustu kotungar, jafnvel hvítvoðungar, já, og meira að segja skynlausar skepnur, taka framförum af reynslu og læra að þekkja eignleika náttúrufyrirbæra með því að athuga áhrif þeirra. Þegar barn hefur brennt sig á kertisloga gætir það sín og snertir ekki framur nokkurt kertaljós, enda býst það við svipuðum afleiðingum af orsök sem kemur því líkt fyrir sjónir. Ef þér segið að skilningsgáfa barnsins komist að þessari niðurstöðu með rökfærslu eða rök hugsun [...].“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 104.)

„Leiðsögn reynslunnar gerir oss kleift að öðlast þekkingu á hneigðum fólks og hvötum með því að fylgjast með breytni þess, orðfæri og jafnvel látæði og túlka síðan gerðir þess í ljósi þekkingar vorrar á hvötum þess og hneigðum. Af langri reynslu komumst vér að mörgum almennum sannindum sem gefa oss innsýn í mannlegt eðli og gera oss kleift að greiða úr öllum flækjum þess:[...].“ (Sama rit, s. 160.)

„En væri enginn [...] stöðugleiki í breytni fólks og væri sérhver athugun sem vér getum gert í þessum dúr, nýstárleg og afbrigðileg, þá væri ómögulegt að komst yfir nokkur almenn sannindi um mannfólkið – og reynslan væri einskis nýt, sama hve vandlega vér ynnum úr henni með íhugun.“

Þannig „lærum vér hvern mátt vani og uppeldi hafa til að móta mannshugann frá frumbersku og innræta honum ákveðið lundarfar.“ (Sama rit, s. 161.)

„Vaninn er hin mikla leiðarstjarna vor mannanna. Það er vegna hans og einskis annars sem vér höfum not af reynslunni og væntum þess að rás atburðanna verði svipuð hér eftir sem hingað til. Án vanans vissum vér ekkert um neinar staðreyndir sem liggja handan þess sem blasir beint við minni voru og skilningarvitum og rötuðum aldrei rétta leið að neinu marki.“ (Sama rit, s. 112-113.)

Sjálfi (self, ego):

David Hume (1711-1776) hafði þetta um sjálfið að segja í endursögn Bryan Magee (Saga heimspekinnar. Mál og menning, 2004, s. 112-113): „Hume sneri þá grunnhugmynd Berkeleyys gegn honum sjálfum. Hver hefur nokkurn tíma getað haft beina skynreynslu af sínu eigin sjálfi, hvað þá sjálfi annars manns? Þegar við skoðum huga okkar finnum við fyrir hugsanir, skynreynslu, tilfinningar, minningar og þvíumlíkt og allt eru þetta hverful fyrirbæri. Aldrei verðum við hins vegar vör við neitt sem er annars eðlis, þ.e. sjálft sjálfið sem upplifir, hefur þessar upplifanir. Með því að beita lögmálinu um að ekki skuli gera ráð fyrir tilvist hluta sem ekki fyrirfinnast í reynslu okkar höfum við því engar forsendur fyrir því að gera ráð fyrir tilvist sjálfs sem hefur reynslu, á sama hátt og Berkeley gerir. Hume slær því föstu að sjálfið sem hefur reynslu, veran sem veit, sé uppspuni. Ef spurt er á þennan hátt hver eða hvað „ég“ sé er eina svarið sem hægt er að byggja á reynslunni eða athugunum á þá leið að „ég“ sé vöndull af skynjunum.“

„Hann benti á að enda þótt við göngum að því vísu að við höfum sjálf, og að við séum heil og órofin sjálf, þá getum við ekki í raun og veru fundið þetta sjálf í reynslu okkar. Það sem við rekumst á þegar við skoðum eigin hug eru hugsanir, tilfinningar, minningar, geðshræringar og svo framvegis, en við mætum ekki einhverju öðru fyrirbæri, sjálfi, sem hefur þessar hugsanir, tilfinningar og þar fram eftir götunum.“ (Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib 2002, s. 155-156.)

List og smekkur (art, taste):

DH skrifaði einnig um list og smekk. Hann leggur áherslu á, að smekkur sé í grundvallaratriðum einstaklingsbundinn og dragi dóm af menningu og sögu. En þó hafa svonefnd æðri listaverk sameiginleg einkenni eins og t.a.m. samsvörun einstakra hluta verksins og samhengi milli þeirra ásamt því, að listaverk hefur ævinlega tilgang. Hvað efnivið áhrærir er DH sannfærður um að fegurð og gott skop hafi um aldur og ævi átt upp á pallborðið hjá öllum. Þrátt fyrir frjálslyndi, hvað smekk varðar, leggur DH áherslu á, að ákveðin siðferðisgildi ráði við mat á list, t.d. þegar andstyggð og viðbjóður í verkum eldri höfunda er skoðaður.

Maðurinn skal treysta því, að kennd hans sé sönn í sjálfri sé, enda skírskoti hún ekki til nokkurs hlutar. DH varar sérstaklega við fordómum, sem spilli bæði dómgreind á list og listnautninni.

Fegurð býr í manninum, enda þótt ákveðnir hlutir séu til þess gerðir að veita ánægju. Fegurðin býr sem sagt í huganum, en sbr. þó ofanritað. Fólk er misnæmt fyrir fegurð, en fegurðarskynið má þjálfra bæði með skoðun og þekkingu. Almennar reglur um skilningá listinni eru grundvallaðar á reynslunni sem og sameiginlegum kenndum í mannlegu eðli.

En hvað sem líður hugmyndum um menningar- og sögulegt afstæði, sannleika tilfinninganna og gildi hins einstaklingsbundna smekks, er til sannur dómari hina fögru eða æðri lista, sem jafnvel á tímum siðfágunar er fágæt. Þennan fágæta dómara eða gagnrýnenda skulu m.a. prýða kostir eins og skörp dómgreind, dauðhreinsuð af fordómum, frjógvud næmri fegurðartilfinningu, þjálfun og þekkingu. Þegar slíkir afburðamenn tala einni röddu er mælikvarði á smekk og fegurð kominn í leitirnar.

Niðurlag/áhrif:

„Stíllinn var aðalsmerki Humes. Og sem bókmenntastíll hafði hann gífurleg áhrif. Schopenhauer, einn af hinum frábæru meisturum þýskrar tungu, sagðist hafa gert sér far um að skrifa þýsku eins og Hume skrifaði ensku. Og Bertrand Russell, ef til vill mesti stíllistinn í heimspeki á þessari öld (vann Nóbelsverðlaunin í bókmenntum), gerði sér ljós áhrif Humes á stíl sinn. Sama á við um Alfred Ayer, einn besta rithöfund í heimspeki á okkar dögum.“ (Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib 2002, s. 171.)

„Það er athyglisvert að bera hann saman við samtíðarmann hans David Hartley. Báðir vilja þeir líta svo á að þeir séu að gera fyrir mannshugann það sem Newton gerði fyrir eðlisfræðina. Til að ná því markmiði lögðu báðir upp með sérstaka kenningu að leiðarljósi, kenninguna um hugmyndatengsl, en samkvæmt henni dragast hugmyndir sem tengjast hver annarri á tilekna vegu, eins og t.d. þá að þær séu mjög líkar hver annarri eða þær hafi í reynslu okkar verið samlægar í rúmi og tíma, með sjálfvirkum hætti saman í flóknar heildir – og hugmyndatengslin virka, á líkingamáli Humes, sem eins konar aðdráttarafl. Samt er það Hartley sem á sess í sögu sálarfræðinnar en Hume ekki. Efnistöð hans eru að mestu hugtakaleg, sundurgreinandi, heimspekileg, fremur en vísindaleg í nútímamerkingu þess orðs. Höfundur fyrirbærafræðinnar, Husserl, hreifst af honum, einmitt fyrir það að hafa sýnt fram á að til voru leiðir til að rannsaka gerð mannshugans sem eru ekki komnar undir tilraunum í tilraunastofu.“ (John Passmore. Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib 2002, s. 158.)

Það er ráðgáta „[H]vers vegna svo fáir hafa fallist á heimspeki Humes og svo margir hafa reynt að sneiða hjá niðurstöðum hans. Raunhyggja hans setur hugsun fólks og þekkingu þrengri skorður en heimspekingar eru almennt tilbúnir að fallast á. Efahyggja hans dæmir flest vísindi léttvæg og kveður obbann af þeim skoðunum sem almennt eru taldar skynsamlegar, vera fordóma og annað ekki. Og veraldarhyggja hans setur menn á bekk með dýrum, gerir þá að leiksoppum náttúruaflanna og knúna til þess af kröftum sem þeir ráða ekki við, að aðhyllast skoðanir sem ekki er hægt að réttlæta með neinum skynsamlegum rökum.“ (David Hume. Rannsókn á skilningsgáfunni. Inngangur eftir Atla Harðarson Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1988, s. 31.)

